

Gallon ehf.
Borgartún 26
105 Reykjavík

Akureyri, 5.6.2024
UST202401-161/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmælingar á lýsis- og olíugeymum - Gallon ehf., Örfirisey, geymir nr. B202

Umhverfisstofnun bárust þann 8. maí sl. þykktarmælingar og segulssviðsskönnun á geymi Gallon ehf., Örfirisey. Geymirinn hefur fastanúmerið 030-B202 og eigendanúmerið S02 í olíubirgðastöð rekstraraðila að Hólmaslóð, Örfirisey. Geymirinn er standandi stálgeymir, en smíðaár hans kemur ekki fram í skýrslunni.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli A. Guðmundsson og Óttar Einarsson hjá HD ehf. á Kópavogi, þann 18. janúar 2024. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 - 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial No.MK4 0016-A-TFS. Botn geymisins var mældur, ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu nr. TM-MFL-240209-B202-FEB-24 frá HD ehf., að geymirinn sé málaður að innan að hluta, botn og neðsta umfar. Fram kemur að geymirinn sé í góðu ásigkomulagi að innanverðu, að gólf sé ótært að innanverðu og að gólfskanni hafi einungis gefið til kynna léttu tæringu neðanvert. Þeir staðir voru þykktarmældir og mældist efnisþykkt þar 5,4 - 5,6mm. Á plötu 4 var pyttur sem innihélt 4,4 mm í efnisþykkt og var tæring stöðvuð með sandblæstri og málningu. Neðsta umfar leit vel út.

Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf., um þykktarmælingar geymisins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri